

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1371
komudagur 12.2.2008



8. febrúar 2008

Efni: Umsögn SVP um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, 63.mái, auglýsingar

SVP hafa barist fyrir breytingu á smásölu léttvins og bjórs frá stofnun samtakanna 1999 og skilað umsögnum um þau frumvörp sem komið hafa fram á Alþingi síðan, þ.á.m. frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi en hefur því miður ekki hlotið efnislega afgreiðslu þingheims. Sú breyting á áfengislögnum nr. 75/1998 sem hér er lögð til varðar eingöngu auglýsingar á áfengi. Í umsögn SVP um frumvarp um breytingar á smásölu léttvins og bjórs sem nú liggur fyrir þinginu sagði m.a.:

“Endurteknar skoðanakannanir sýna að viðhorf fólks í þjóðfélaginu hafa verið að breytast og sífellt stærri hluti Íslendinga og annarra íbúa landsins er fylgjandi því að sala léttvins og bjórs verði heimiluð í almennri verslun.

Mikill tvískinnungur ríkir varðandi auglýsingar á áfengi. Erlendar sjónvarpsstöðvar sem allur almenningur horfir á og útlend blöð og tímarit sem hér eru á boðstólum auglýsa áfengi, en innlendum fyrirtækjum er bannað að auglýsa vöruna. Það er alls ekki ásættanlegt að þessi tvískinnungur haldi áfram heldur verður að taka á þessu í frumvarpinu og heimila auglýsingar á áfengi með skilgreindum takmörkunum.”

Í ljósi tilvitnaðar umsagnar er ljóst að SVP-Samtök verslunar og þjónustu lelja nauðsynlegt að endurskoða bann við auglýsingum á áfengi með skilgreindum takmörkunum. Eðlilegt er að í tengslum við þetta væri sú tillaga sem hér er til umræðu rædd, en ein og sér er hún óraunhæfur bútasamur sem hlýtur að teljast óeðlilegur í ljósi þess að hvað svo sem Alþingi samþykkir í þessum efnum þá hellast áfengisauklýsingar yfir landsmenn í ýmsu formi. SVP fagna því að sífellt fleiri þingmenn hafa vilja og kjark til að gera þær breytingar á þjónustu við neytendur í landinu sem eru með einhverjum sambærilegum hætti og tíðkast í nágrennalöndum okkar. Samtökin mæla með heildarskoðun á auglýsingalagaákvæði áfengislaganna en hafna því frumvarpi sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri